



Gunnarshúsi 29. nóvember 2012

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

### **Frá Stjórn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ)**

#### **Efni: Umsögn um frumvarp um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannapágu (heildarlög) 194. mál**

Stjórn Rithöfundasambandsins fagnar því að frumvarp um RÚV skuli hafa litið dagsins ljós. Þá er ekki síður ánægjuefni að geta komið með athugasemdir og ábendingar varðandi frumvarpið.

Ríkisútvarpið er í okkar huga þjóðareign. Það er órjúfandi hluti íslenskrar menningar og að þeirri stofnun verður aldrei nógu vel búið. Hvað væri Ísland án íslenskrar menningar? Sagan og tungumálið eru sameinngartáknið og gera okkur að því sem við erum. Þarna liggja ræturnar og þær mega ekki visna. Að þeim verður aldrei nógsamlega hlúð. Munnlega geymdin hélt utan um arfinn öldum saman, síðan sú ritaða og þar kom að Íslendingar eignuðust Útvarp árið 1930. Það var áfangasigur, ekki alveg óumdeildur en ljós í myrkri margra og veitti birtu inn í líf fólks í breiðum byggðum landsins. Nú varð Útvarpið útvörður íslenskrar menningar.

Með árunum hefur starfsemin vaxið. Rás eitt var óumdeild fyrir flutning gæðaefnis. Hún er það enn að hluta til en nú kveður svo rammt að endurtekningum að þeir sem mest hlusta eru farnir að ókyrrast. Þetta mun meðal annars stafa af naumum fjárhag stofnunarinnar en er vart boðlegt til lengdar. Og ekki má réttlæta stöðnun með eftirköstum hrunsins endalaust.

Sé frumvarpið skoðað I. kafli, 1. grein má augljóst vera að sjónvarpsdagskráin er langt frá settum markmiðum. Það er þeim mun bagalegra þar sem sjónmiðlarnir njóta meiri eftirtektar/ áhorfs en hinir miðlaðrnir. Þetta er atriði sem brýnt er að taka á af festu - og þolir enga bið.

Athugasemdir Rithöfundasambandsins eru eftirfarandi:

1. Hlutfélagiformið hentar menningarstofnum á borð við Ríkisútvarpið illa. Þessi stofnun á að vera í daglegu sambandi við eigendur sína, þjóðina, og til þess er slíkt form illa fallið. Nærtækara hefði verið að laga fyrra rekstrarform að nútímanum og faglegum starfsháttum.

2. Í III. kafla, 9. grein segir að skipuð skuli sjö manna stjórn sem komi að og beri ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins. Rithöfundasambandið fagnar þessum áformum. Núverandi fyrirkomulag er ekki í takt við tímann. Þar skortir á að útvarpsstjóra sé veitt aðhald eða eftirfylgni við að sinna hlutverki og tilgangi stofnunarinnar. Í frumvarpinu mætti kveða skýrara á um slíkt aðhald.

3. Rithöfundasambandið varar eindregið við ákvæði í III. Kafla, 11. grein en þar segir að útvarpsstjóri skuli einn ráða starfsmenn stofnunarinnar. Þetta stangast algerlega á við kröfur samtímans um að allt eigi að vera opið og gegnsætt. Gildir það einnig um ráðningar í stöður. Brýnt er að umsækjendur séu valdir af óhlutdrægum dómnefndum sem fari eftir hlutlægum mælikvörðum varðandi hæfni manna.

4. Þá leggur Rithöfundasambandið til að ráðningartími yfirmanns Ríkisútvarpsins, verði fjögur ár í senn og endurráðning eingöngu fjögur ár til viðbótar. Ættu þær reglur einnig að gilda um starfsmenn annarra menningarstofnana í landinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Kristín Steinsdóttir  
formaður Rithöfundasambands Íslands